

ákveðið af skólanefnd í samráði við dómsmálaráðuneytið, sem ákveður fjölda þátttakenda í náminu að undangenginni auglýsingu.

Miða skal að því, að yfirmenn verði ekki skipaðir nema þeir hafi lokið framhaldsdeildarprófi.

15. gr.

Í lögregluskólanum skulu haldin námskeið í ýmsum sérgreinum á sviði lög-gæslu, þ. á m. um rannsókn afbrota, fikniefnarannsóknir, hraðamælingar, bifhjóla-akstur o. fl., samkvæmt nánari ákvörðun skólanefndar.

16. gr.

Við lögregluskólann skulu haldin námskeið fyrir héraðslögreglumenn og lausráðna starfsmenn. Námsefni og kennsla skulu ákveðin af skólanefnd með hliðsjón af námsefni skv. 7. og 10. gr.

17. gr.

Við lögregluskólann skal starfa a. m. k. einn kennari í fullu starfi. Auk almennrar kennslu skal hann hafa umsjón með öflun kennslubóka og annars náms-efnis og skipulagningu skólastarfsins undir stjórn skólastjóra.

18. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. málsg. 9. gr. laga nr. 56/1972 um lögreglumenn, tekur gildi 1. janúar 1982 og jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 254 1965.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á árinu 1982 er skólanefnd heimilt að stytta námstíma á síðari önn grunnnáms sbr. 10. gr. Námstíminn má þó eigi vera skemmri en 4 mánuðir.

Dómsmálaráðuneytið. 27. nóvember 1981.

Friðjón Þórðarson.

Hjalti Zóphóníasson.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Héðinsfjarðar.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Héðinsfjarðar.
Heimili þess og varnarþing er á Siglufirði.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga á vatnasvæði Héðinsfjarðar frá ósi í sjó um Héðinsfjarðarvatn og um allar ár og læki, sem í umrætt vatn falla. Þessar jarðir eru Ámá, Grundarkot, Möðruvellir, Vatnsendi og Vík.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskigengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því sem aðalfundur ákveður. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa 5 menn, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan endurkosningu. Kjósa skal tvo endurskoðendur til eins árs í senn.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Félagsmenn hafa forgang til kaupa á veiðileyfum. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda í febrúarmánuði ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og úrskurðar fundurinn um þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varðar sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 23. nóvember 1981.

Pálmi Jónsson.

Ragnheiður Árnadóttir

SAMÞYKKT

fyrir Veiðifélag Reyðarvatns, Borgarfjarðarsýslu.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Reyðarvatns. Heimili þess og varnarþing er heimili formanns.

2. gr.

Félagið tekur til Reyðarvatns, Reyðarlækjar, fiskgengs hluta Leirár og Fossár ásamt efsta hluta Grímsár, frá vatni að efsta fossi í ánni. Aðilar að félaginu eru þessar